

Fulltrúaráðsfundur haldinn þriðjudaginn 21. janúar 2014 í Hjalla

Þriðjudaginn 21. janúar kl. 19.30 var haldinn fulltrúaráðsfundur í Hjalla, Álfhólsskóla. Umræðuefni þess fundar var „Góður bekkjarandi – getum við haft áhrif“.

Fundurinn var vel sóttur með um 50 bekkjarfulltrúum og öðrum fulltrúum úr foreldrastarfinu.

Fyrirlesarar voru Benedikt Bragi Sigurðsson sálfræðingur skólans er fjallaði almennt um líðan nemenda og samskipti, Katrín Þorgrímsdóttir ræddi um áhrif kennarans á bekkjarbraginn og íþróttakennararnir Jón Magnússon og Jón Óttarr Karlsson ræddu almennt um fyrirkomulagið í íþróttum og sundi. Var gerður góður rómur að öllum fyrirlesurunum og fyrirlestrar þeirra um margt mjög áhugaverðir.

Eftir hlé var hópastarf eftir stigum og var umræðuefnið bekkjarstarfið og það sem framundan er í því og áhrif foreldra á bekkjarandann. Hjálagt fylgja samandregnar niðurstöður.

Fram kom að almennt hafi bekkjarstarfið gengið vel það sem af er og bekkirnir nokkuð duglegir við að skipuleggja viðburði. Bekkjarbragurinn virtist vera nokkuð misjafn eftir stigum en yngsta stigið kvartaði undan of miklum fjölda í bekknum og hávaða. Þá er veruleg óánægja með Dægradvölinu. Miðstiginu fannst helst vanta frekari yfirsýn og samstarf við kennara. Efsta stigið lagði áherslu á hlutverk foreldra í mótun bekkjarbragsins. Bekkjarfulltrúar voru almennt sammála um að halda áfram á sömu braut og skipuleggja viðburði bæði innan bekkja og innan sama árgangs.

Af ofangreindu má draga þá ályktun að viðhorf foreldra til skólans skiptir gríðarlegu máli og öflugt foreldrastarf í upphafi skólagöngu getur skipt öllu máli fyrir síðari tíma bekkjarbrag.

Fundi var slitið um kl. 22.00.

Niðurstöður úr yngsta stigi 1. 2. og 3. bekkur:

1. Hvernig hefur gengið?

Bekkjarfulltrúar hafa verið duglegir að hittast, uppí 100% mæting á suma viðburði. Hafa farið í grasgarðinn og haldið jólaföndur, spilakvöld, tekið fyrir foreldrasáttmálann í öllum bekkjum. Sameiginlegt diskótek í 3. bekk gekk mjög vel. Sett var upp facebökk síða fyrir 1. bekk.

2. Bekkjarbragur

Of mikill fjöldi í bekkjum, mikill hávaði og vantar næði. Mikil óánægja með Dægradvöl, algjört kaos. Hafa sent fyrirspurnir á stjórnendur en ekki fengið svör.

3. Framundan

Ætla að vinna með bekkjarbraginn, halda mikið af viðburðum, innan bekkja og sameiginlega.

Niðurstöður hópavinnu bekkjarfulltrúa úr miðstigi 4. 5. og 6. bekkur:

4. Hvernig hefur gengið?

Bekkjarfulltrúar voru almennt sammála um að starfið hefði gengið vel það sem af er vetrar, foreldrasáttmáli var kynntur og undirritaður á fundum með foreldrum fyrr í haust.

Vel heppnuð bekkjarkvöld hafa verið haldin í bekkjunum, misjafnt var hvort þau voru haldin innan hvers bekkjar og eða sameiginlega.

4. bekkur hélt sameiginleg bekkjarkvöld fyrir allan árganginn, á öðru kvöldinu var haldið diskó og pizzur snæddar á eftir. Á seinna kvöldinu var haldið spilakvöld þar sem félagar frá Spilavinum komu og kynntu hins ýmsu spil fyrir foreldrum og börnum. 6. bekkur fór saman í bogfimi og fannst öllum hún skemmtileg, jafnt stúlkum sem drengjum.

6EJ hélt bingókvöld, með vinningum, allir komu með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

5. bekkur fór á skauta.

Umsjónarkennarar hafa því miður ekki náð að mæta á bekkjarkvöldin.

5. Hvernig er bekkjarbragurinn.

Fulltrúarnir voru almennt á því að bekkjarbragurinn væri góður, menn viðurkenndu reyndar að menn vissu ekki betur, skv. skilaboðum frá börnum og kennara. Vantar svolítið yfirsýnina!

Umsjónarkennarar hafa sent vikulegan póst og eru til viðtals í sérstökum viðtalstímum en hafa ekki náð að halda fund með foreldrum þar sem allir foreldrar hittast og geta rætt málefni bekkjarins, bekkjaranda/bekkjarbrag með umsjónarkennaranum. Það þyrfti að gera kröfu um að bekkjarfundi/samráðsfundi á sitt hvorri önninni.

6. Framundan.

4 bekkur er að velta fyrir sér að skipuleggja óvissuferð með árganginum, t.d. hægt að

fara niður í bæ með strætó, rölta um miðbæinn, fara á eitthvert safn og eða á kaffihús. Einfalt í framkvæmt og skemmtilegt.

Upp kom tillaga um að fara í draugaferð eða kvöldgöngu með vasaljós um t.d. Heiðmörk, skógræktina eða Guðmundarlund.

Haut/vor: Fara í ratleik um Heiðmörkina, þar sem vísbendingar eru byggðar á foreldrasáttmálunum, til að börn og foreldrar geti rætt um efni foreldrasáttmálans, á eftir er hægt að grilla (börnin ærslast um meðan foreldrarnir grilla).

Hvetja þarf foreldra til þátttöku á öllum þessum viðburðum, þar sem þetta er ekki síður fyrir foreldrana, til að njóta samvista með börnunum, kynnast bekkjarfélögum barnsins og foreldrum barnanna.

Eitt að lokum: Vantar nauðsynlega símaskrá innan árganganna og fyrir allan skólann.

Niðurstöður hópavinnu bekkjarfulltrúa úr miðstigi 7. 8. 9. og 10. bekkur:

1. Hvernig hefur gengið?

Margt búið að gera og viðburðir hafa verið vel sóttir sbr. leikhús og diskótek með "Íshlaðborði". Skiptir máli að allir taki þátt en slík skipulagning lendi ekki bara á bekkjarfulltrúum.

2. Hvernig er bekkjarbragurinn?

Bekkarbragurinn er almennt nokkuð góður en fulltrúar voru sammála um og lögðu á það mikla áherslu að viðhorf foreldra til skólans skiptir gríðarlegu máli og ljóst að ef foreldrastarf er öflugt í upphafi þá mótast það samskipti foreldra og nemenda á síðari stigum. Fulltrúum fannst vanta meira samstarf við umsjónarkennara.

3. Framundan?

Halda áfram á sömu braut, skipuleggja viðburði innan bekkjanna og líka innan árgangsins.